

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

102

8. ágúst

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.

Fastagjald skal reiknast þannig:

- a. Fyrir verzanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 1.00 á fermetra á mánuði.
- b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 0.50 á fermetra á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 65 aura hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 6.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð er sem íveruherbergi, hol og eldhús en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur.

Herbergi sem er minna en 5 m telst sem hálf, en stærra en 25 m sem tvö.

C. Vélanotkun.

1. Um einn kwst.mæli þannig:

Fyrir fyrstu	3000 kwst. ársnotkun	kr. 2.00	hverja kwst.
— næstu	4000 —	—	1.50	— —
— —	8000 —	—	1.00	— —
— umfram	15000 —	—	0.80	— —

2. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafli fastra véla er yfir 20 kw, og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli:

a. Á 55 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið.

b. Á 80 aura hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.

Eftir þessum gjaldskrárlíð er heimilt að selja raforku til súgurrkunar.

Ef aðallega er um sumarnotkun að ræða, og sérstaklega stendur á að öðru leyti, er heimilt að lækka lágmarksgjald samkvæmt ofangreindu niður í sem svarar allt að 400 kwst. ársnotkun á kw.

D. Hitun.

1. Til hitunar húsa, enda sé eingöngu eða nær eingöngu notuð rafmagnshitun, um sérmæli um hitalögnina:

a. Á 18 aura hverja kwst. til hitunar með rafofnum og 16 aura hverja kwst. til miðstöðvarhitunar, enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á sólarhring á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.

b. Á 9 aura hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 14 klst. á sólarhring á tímanum frá kl. 8 til 23.

- 102** 2. Til hitunar í iðnaði eða atvinnurekstri um kwst.mæli á 23 aura hverja kwst.,
 8. ágúst enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8 til 22.
 Önnur skilyrði fyrir raforkunotkun til hitunar:
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
 - Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
 - Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli á kr. 2.00 hverja kwst.
- Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 325.00 á ári fyrir hvert ljósker, enda kosti rafveitan rekstur og viðhald ljósakerfisins.

Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa — — — 50 —	— 5.00 — —
3. — — — — 50 til 200 —	— 10.00 — —
4. — — — — yfir 200 —	— 13.00 — —

Af öðrum mælitækjum en nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugagjald, er miðast við rúmmál húsa á þann hátt sem hér segir:

Rúmmál húsa, teningsmetrar:

Allt að 100 m ³	kr. 1360.00
100 til 150 —	— 1640.00
150 — 200 —	— 1920.00
200 — 250 —	— 2200.00
250 — 300 —	— 2420.00
300 — 350 —	— 2490.00
350 — 400 —	— 2560.00
400 — 450 —	— 2630.00
450 — 500 —	— 2700.00
500 — 550 —	— 2770.00
550 — 600 —	— 2840.00
600 — 650 —	— 2910.00
650 — 700 —	— 3200.00
700 — 750 —	— 3400.00
750 — 800 —	— 3600.00

Rúmmál húsa, teningsmetrar:

800 til 850 m ³	kr. 3800.00
850 — 900 —	— 4000.00
900 —1000 —	— 4400.00
1000 —1100 —	— 4800.00
1100 —1200 —	— 5200.00
1200 —1500 —	— 6000.00
1500 —1750 —	— 7000.00
1750 —2000 —	— 8000.00
2000 —2250 —	— 9000.00
2250 og yfir —	— 10000.00

102

8. ágúst

Sé lengd jarðlínunnar meiri en 30 m, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 m, og/eða gildleiki víra meiri en 3×7 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er.

Sé fleiri en ein heimtaug að húsinu, greiðir húseigandi eftir reikningi allan kostnað, er af því leiðir.

Heimtaugar í peningshús, bílskúra og beitningarskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugarlagningu er lokið. Sé lögð jarðlínuheimtaug í stað loftlínuheimtaugar, skal húseigandi greiða viðbótargjald er nemi 30% af fullu heimtaugargjaldi.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 25 króna gjald á skrifstofu rafveittunnar.

V. HEIMILD TIL BREYTINGA

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórn breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar í stað gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveituna, nr. 12 26. jan. 1953, ásamt síðari breytingu, nr. 38 21. febr. 1956.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. ágúst 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.